

Að leggja inn hljóð og tákn = aðferðin Direct Instruction eða bein kennsla

1) Vinna með með lítinn hóp með aðstoð kúrtöflu og/eða hljóðstöðumyndir Jóns Júlíusar Þorsteinssonar

2) eða vinna með nemanda við æfingaborð með aðstoð hljóðstöðumynda Jóns Júlíusar Þorsteinssonar og blað og blýant.

Mikilvægt er að kenna aldrei samtímis hljóð stafa sem líta eins út. Þess vegna eru sérhljóðar án broddstafa kenndir fyrst. Þegar samhljóðar eru lagðir inn er mikilvægt að kenna ekki saman lík hljóð og lík tákn.

Sérhljóðar án broddstafa eru kenndir á undan sérhljóðum með broddstöfum.

Ekki skiptir máli í hvaða röð samhljóðar eru kenndir. Þó er nauðsynlegt að kenna einhverja samhljóða um leið og sérhljóða án broddstafa til að nemendur geti byrjað á færniæfingum.

d/ u

Kennsla einstakra hljóða.

I - Fyrst sýnir kennarinn hópnum.

1. Hlusta d = nemandi hlustar þegar kennarinn hljóðar d

- Fyrst sýnir kennarinn

- Hópurinn gerir einn

2. Hlusta og segja d = nemandinn hlustar og endurtekur

II - Fyrst sýnir kennarinn hópnum

3. Sjá og hlusta d = nemandinn sér stafinn og kennarinn hljóðar d

- Hópurinn og kennari gera saman

4. Sjá og segja = nemandinn horfir á stafinn og hljóðar d með kennaranum

- Hópurinn gerir einn kennarinn fylgist með

5. Sjá og segja d = nemandinn sér og segir hljóðið d

- Hópurinn gerir einn kennarinn fylgist með

6. Sjá og skrifa d = nemandinn sér og skrifar stafinn d

- Nemandinn vinnur sjálfstætt

7. Hlusta (horfa) og skrifa d = nemandinn hlustar og horfir á kennarann hljóða d og skrifar stafina.

III

Mikilvægt er að vinna ekki með lík hljóð eða lík tákn samtímis.

Þegar nemandinn ræður við d, þá er byrjað á ú.

Ekki vinna með báða stafina í einu.

Ekki fyrr en nemandinn ræður við hvorn um sig .

Anna Guðrún Júlíusdóttir 2004

Heimild: teach-nology.com/teachers/methods/models/direct/